

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008, svæðið milli Grjótárgötu og Útkaupstaðarbrautar norðan Strandgötu, Fjarðabyggð.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 23. mars 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988 - 2008, frá 21. maí 1990.

Breytingin felst í því að miðbæjarsvæði milli Grjótárgötu og Útkaupstaðarbrautar norðan Strandgötu sem ætlað var fyrir verslun og þjónustu breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 23. mars 2006.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*